

Nd. **199. Frumvarp til laga** [111. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Á eftir 46. tölulið B-liðar 2. gr. laganna komi nýr töluliður:
Lónkotsmöl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndaroddvita Fellshrepps fyrir hönd hreppsbúa sinna.

Frá Lónkotsmöl hefur verið talsvert útræði frá gamalli tíð og aflasælt, og er svo enn. Þaðan er stutt að sækja á góð fiskimið. Þetta hefur bjargað því, að útgerð hefur aldrei lagzt þarna niður með öllu, þó að hún hafi víða annars staðar flutzt til stærri útgerðarstöðva, þar sem hafnar- eða lendingarbætur og frystihús auðvelduðu útgerðina.

Sökum slæmrrar lendingar á Lónkotsmöl er aðeins hægt að halda þar út litlum trillubátum. Stóraukin friðun landhelginnar á þessum slóðum hefur glætt vonir manna um meiri og árvissari sjávarafla. Jafnframt hefur áhuginn á lendingarbótum á þessum stað aukizt með það fyrir augum að gera þeim, er þarna sækja sjóinn, það auðveldara og áhættuminna en nú er. Frv. það, sem hér er flutt, er fyrsta sporið að því marki.